

# HUGMYNDAHÚS REYKJANESS

Verktakar – Þriðjudaginn 4. nóvember kl. 20:00

Formenn:

Guðlaugur H. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri USK Reykjanesbæjar

Guðmundur Pétursson, framkvæmdastjóri ÍAV-þjónustu

Hnitmiðuð greinargerð:

Á fjórða fundi vinnuhópa Hugmyndahúss Reykjaness um verktaka mættu 33 aðilar til að takast á við viðfangsefnið. Formenn vinnuhópsins settu fram strax í upphafi uppbyggingu fundarins í samræmi við það fordæmi sem sett hafði verið á fyrri fundum.

1. Skilgreining á útgangspunkti fundarins og staðan á markaðnum.
2. Opin leit að hugmyndum – Fundarmenn varpa fram hugmyndum og útskýra á einfaldan hátt, hugmynd skráð.
3. Hugmyndir greindar eftir framlögðum lista um verðmæti, laun, fjölda starfa, orkuþörf, menntunarkröfur, staðsetningu o.s.frv.

Eftirfarandi hugmyndir voru reifaðar:

1. **Atvinnubótavinna** í samstarfi við Vinnumálastofnun þar sem ráðist er í framkvæmdir við uppbyggingu Fitjasvæðisins og Víkingaheima. T.d. fleiri göngustíga, dýpka tjarnir og moka yfir aðrar, fjarlægja klóaks stokka, vegghleðslur, forneskjuleg leiktæki o.s.frv.
2. **Flýtimeðferð verkefna** þar sem viðhaldsverkefnum verði flýtt sérstaklega vegna ástandsins í atvinnumálum. Verkefni sem eru í vinnslu verði kláruð og listi um önnur brýn verkefni útbúinn.
3. **Verknám** þar sem vel rekin fyrirtæki taki við aðilum sem eru á atvinnuleysisbótum í tímabundinn verkefni til aðhalds og verkþjálfunar.
4. **Samræmd uppbygging á Vallarheiði** þar sem áhersla er lögð á uppbyggingu á lagna- og gatnakerfi, gangstéttum, götulýsingum, merkingum o.s.frv. Verkefnum flýtt til að samræma Vallarheiði öðrum bæjarhlutum Reykjanesbæjar.
5. **Reykjanesbær v/Fasteign hf.** Ástandsmat, þjónustuborð og viðhald á eignum Fasteignar hf. innan bæjarfélagsins verði komið í nánari samstarf eða umsýslu Reykjanesbæjar.
6. **Skammtímaverkefni** þar sem lögð er áhersla á að koma þeim strax af stað en meira lagt upp með að sprota- og nýsköpunarverkefni séu til lengri tíma hugsuð.
7. **Atvinnusköpun til skemmri tíma** til að milda höggið m.a. með það í huga að stytta vinnutíma.
8. **Verktavinna við tankana á efra Nikel** þar sem þeir geti verið nýttir undir Sandhverfueldi.
9. **Huga að minni verktökum** með því að skera upp verk til að hleypa þeim að borðinu.
10. **Taka með inni myndina að erlent vinnuafli er að fara** af landi brott. Huga þarf að því að þegar einkaaðilar hafa ekki möguleika að fjármagna verkefni þá þurfa opinberir aðilar að koma að málum. Ef til vill eru erlendir starfsmenn að hafa áhrif á útreikninga.
11. **Grjót úr Helguvík** gæti hugsanlega verið efniviður sem enn frekar má horfa til.
12. **Útrás verktaka** með það að leiðarljósi að kanna hvar mögulega í veröldinni þurfi öfluga aðila til að ráðast í ákveðin verk. Heimskreppan er ekki allstaðar jafn slæm. Áður hafa íslenskir



verktakar getið sér gott orð víða um heim þó ekki hafi verið um stór verkefni að ræða og komið heim með gjaldeyrir.

13. **Heildarstefnumótun fyrir geirann.**
14. **Sveitarfélög og ríki setji strax af stað verkefni** til að fegra samfélagið og umhverfið.
15. **Horfa skal sérstaklega til viðhaldsverkefna** sem eru byggð upp á meiri mannskap.
16. **Búta þarf niður verkefni** og skilgreina betur í samræmi við mismunandi stærð verktaka.
17. **Spurning um einangrun** þegar þörfin kallar á að halda verkefnum í heimahéraði.
18. **Tækifæri til úthýsingar á verkefnum í heilbrigðismálum.** Það er verktaka út af fyrir sig.
19. **Útboð hjá Reykjaneshöfn bráðlega fyrir um 1 milljarð tengt álveri í Helguvík.** Þar eru tækifæri fyrir marga jarðvinnuverktaka. Möguleikar á að búta niður verkið fyrir fleiri aðila. Lífeyrissjóðir hafa komið að hafnarframkvæmdum.
20. **Allt er betra en atvinnuleysi.** Mikilvægt að sveitarfélög komi sem fyrst með útspil um framkvæmdir sem gætu farið í gang eins fljótt og auðið er. „Panic“ ástandið þarf að minnka því fyrirtækin eru full fljót að segja upp og gefa sig svartsýninni á vald.
21. **Aðgerðir Reykjavíkurborgar** til samanburðar.
22. **Aðgerðir Vegagerðarinnar** til samanburðar.
23. **Nýta má betur húsnæði á svæði Kadeco** t.d. undir hótélrekstur en við það skapast töluverð vinna við endurbætur.
24. **Hvernig er hægt að huga betur að erlendri fjárfestingu.** Nýtt fjármagn skapa vitanlega meiri vinnu.
25. **Koma þarf viðhaldsvinnu sem fyrst af stað.** Spurning hvort ríkið eigi ekki að hækka endurgreiðslu VSK í 80% til 2-3 ára svo fólk sem ennþá á peninga finni hjá sér þörf til að viðhalda húsnæði.
26. **Gæti Kadeco mögulega komið af stað verkefnum vegna mengaðs jarðvega** fyrr þannig að gröfumenn gætu komist í verkefni.
27. **Stofna verktakamiðlun** þar sem mögulegt væri að iðnaðarmenn gætu verið lánaðir milli fyrirtækja til skamms tíma og þar með nýtt mannauð hvers annars. Mögulegt væri að útbúa vefsíðu fyrir slíkt framtak.
28. **Tímabundin atvinnuþróunarnefnd hjá SSS** er hugi að sameiginlegum verkefnum og verðmætasköpun.
29. **Þeir fjármunir sem orðið hafa til á svæði Kadeco þurfa að fara í uppbyggingu á svæðinu.**
30. **Tryggja þarf að fjármagnstekjuskattur** sem sveitarfélögin eiga að greiða til ríkisins þurfi ekki að greiða fyrr en eftir nokkur ár og notist til uppbyggingar á viðkomandi svæði.
31. **Tvær nefndir hafa verið stofnaðar að frumkvæði Reykjanesbæjar** þar sem öll sveitarfélögin á Reykjanesi eru að vinna saman að úrlausn mála.
32. **Huga þarf vel að þeim störfum sem skapast við álverið í Helguvík.**
33. **Vinna vegna línulagna munu skapa um 200 störf.**

**Samantekt og niðurstaða fundarins:**

Sveitarfélög á Suðurnesjum komi með útspil sem fyrst og helst í næstu viku um framkvæmdir sem eiga að fara í gang. Það myndi minnka áhrif uppsagna sem gætu verið fyrirsjáanlegar um næstu mánaðarmót.

Reykjanesið hefur verið í fararbroddi þeirra sveitarfélaga sem mest hafa vaxið síðustu ár. Tryggja þarf að ríkið hlúi sérstaklega að þessu svæði. Hér liggja tækifærin til sóknar.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Pétursson